

Fréttabréf Foreldrafélags Sunnulækjarskóla

~ júní 2019 ~



Litríki vordagurinn var haldinn hátíðlegur miðvikudaginn 5. júní í brakandi blíðu. Dagurinn byrjaði á skrúðgöngu um nágrenni skólans í lögreglufylgd. Eftir hana tóku Sunnuleikarnir við, ratleikir og þrautir sem nemendur spreyttu sig á og svo endaði dagurinn á grillveislu. Dagur Snær og Gabríel Werner í GDMA rappdúói héldu uppi stuðinu í boði foreldrafélagsins við mikinn fögnuð.



Björgunarfélag Árborgar kom og sýndi nýja og glæsilega sæpotu sem var keypt fyrir ágóða söfnunarinnar á Góðgerðardögum Sunnulækjarskóla fyrr í vetur. Þegar skólastarf vetrarins endar svona er ekki annað hægt en að fara inn í sumarið með bros á vör og sól í hjarta. Kærar þakkir til þeirra foreldra sem komu og aðstoðuðu okkur við grillið, á drykkjar- og sósustöðvum.

Og takk fyrir kókómjólkina MS!



Þetta tæki var gefið
af nemendum Sunnulækjarskóla
2018

Aðrar fréttir...

Aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla var haldinn þann 30. apríl sl. Aftur á móti var fundinum ekki slitið þá heldur frestað fram á haustið. Ný tímasetning verður auglýst þegar skólastarf hefst í haust. Áhugasamir foreldrar sem vilja taka þátt í starfi stjórnarinnar eru endilega beðnir um að fylgjast með, mæta og gefa kost á sér í starfið!

Þæstur er þæstur!

Við minnum alla á að vera duglegir
að lesa í sumar!!

Við foreldrarnir erum
fyrirmyndirnar

Fyrirhugaðar lagabreytingar:

Í lögum foreldrafélagsins kemur fram að aðalfundur skuli haldinn að vori ár hvert, en núverandi stjórn leggur til að lögnum verði breytt og aðalfundur tímasettur að hausti til.

Eins leggur stjórnin til að þeir tenglar sem hyggjast nýta sér 10.000 króna tenglastyrkinn þurfi að sækja um hann eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Félagsgjöld...

Eru nú 1000 krónur á hvert heimili, óháð fjölda barna. Nú eftir veturinn hefur aðeins um helmingur heimila greitt félagsgjöld. Félagsgjöldin eru uppistaðan í starfinu, þau gera okkur t.d. kleift að bjóða uppá fræðslufyrirlestra fyrir foreldra og forráðamenn, færa nýnemum endurskinsvesti, bjóða upp á tenglastyrk til að efla samveru og samskipti nemenda og foreldra, styrkja ferðasjóð 10. bekkjar í skiptum fyrir gæslu og samveru með yngri nemendum í frímínútum allan veturinn, bjóða uppá tónlistaratriði á litríka vordeginum og svo ótal margt fleira.

Takk fyrir
vætrarstarfið og
gleðilegt
sumar!